

Lykilupplýsingar

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Samkvæmt lögum skulu upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið

Markmið sjóðsins er að ná betri ávöxtun til lengri tíma en viðmiðunarvísitala hans, MSCI Nordic.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í hlutabréfum fyrirtækja skráðum í kauphöllum á Norðurlöndum. Sjóðurinn hefur einnig heimild til fjárfestinga í erlendum kauphallarsjóðum (ETF) og afleiðum.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda þeirra í samræmi við reglur hans. Innlausnargengi er reiknað daglega. Athygli er vakin á því að við sérstakar aðstæður kann innlausn að verða frestað.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins er endurfjárfest.

Ráðlegging: Sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 5 ára.

Áhætta og ávöxtun



1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir

- Sjóðurinn fellur í flokk 6 þar sem gengi hluta hans hefur verið háð miklum breytingum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið mikil.
- Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspegla framtíðaráhættusnið sjóðsins
- Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum.
- Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki áhættulausa fjárfestingu.
- Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki trygð.

Áhættuþættir sem skipta máli fyrir sjóðinn en áhættumælikvarðinn nær ekki yfir.

Fjárfestingar í hlutabréfum smærrí og meðalstórra fyrirtækja hafa að jafnaði meiri seljanleikaáhættu en fjárfestingar í hlutabréfum stórra fyrirtækja. Þetta felur í sér aukna áhættu með þeim hætti að möguleikar á kaupum eða sölu á hlutabréfum smærrí og meðalstórra fyrirtækja gæti tímabundið verið takmarkaðir.

Fjárfestingar sjóðsins í kauphallarsjóðum bera markaðsáhættu undirliggjandi sjóðs. Einnig geta þær falið í sér aukinn rekstrarkostnað vegna kostnaðar undirliggjandi sjóðs, auk seljanleikaáhættu þar sem undirliggjandi sjóður gæti hugsanlega frestað innlausnum

Frekari upplýsingar um áhættu

Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins er að finna í útboðslýsingu hans sem liggur frammi á starfsstöð félagsins og á www.stefnir.is

Gjöld fyrir þennan sjóð

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

Gjald við kaup 2%

Gjald við sölu 0%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli

Viðvarandi gjöld 1,81%

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður

Árangurstengd þóknun Engin


Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2020. Upplýsingarnar taka mið af mati á líklegum sviðsmyndum í rekstri sjóðsins til framtíðar. Þær kunna að sæta fyrirvaralausum endurmati. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilin eru: Viðskiptakostnaður vegna eignasafns, nema þar sem sjóðurinn greiðir gjald vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum sjóði.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á skrifstofu rekstrarfélagsins eða á www.stefnir.is.

Fyrri árangur



Ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísbending um ávöxtun í framtíð.

Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana, annarra en kostnaðar vegna gengismunar.

Sjóðurinn er stofnaður árið 2007.

Árangur sjóðsins er reiknaður í grunnmynt sjóðsins, EUR.

Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf.

Frekari upplýsingar um sjóðinn, eintök af útboðslýsingu hans, ársreikning og árshlutareikning, á íslensku, eru fáanleg án endurgjalds á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess, www.stefnir.is. Þar er jafnframt að finna gengi sjóðsins.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996.

Fjárfestum er bent á að skattalöggjöf heimaríkis þeirra kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

Stefnir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar verðbréfasjóðsins.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru aðeins gefin út í einum flokki.